

# Fundargerð

Samráðsfundur vegna þyrluflugs í Þjórsárdal og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar

Fjarfundur haldinn á Teams 18. maí 2021, kl: 14:00-15:00

## Fundarmenn

- ✓ Ásta Hermannsdóttir, Minjastofnuna
- ✓ Birgir Ómar Haraldsson, Norðurflug
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- ✓ Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
- ✓ Hreinn Óskarsson, Skógrækt Ríkisins
- ✓ S.L. Kristófersson,
- ✓ Jón Grétar Sigurðsson, Atlantsflug
- ✓ Reynir Pétursson, Bluewest Helicopters
- ✓ Sigtryggur L. Kristoferson, Bluewest Helicopters
- ✓ S.L. Kristófersson,
- ✓ Walter Ehrat, LHG
- ✓ Þorlákur Runólfsson, Þyrluþjónustan Helo
- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

## Dagskrá:

1. Samráð – af hverju er þessi fundur hér í dag?
  2. Stjórnunar- og verndaráætlun – auglýsing um friðlýsingu.
  3. Aðrar umræður.
  4. Næstu skref.
- 
1. Hákon fór yfir hvernig samráði er háttað og af hverju við erum stödd hér í dag á sérstökum fundi í kjölfar hagsmunaaðilagreiningu.
  2. Þórdís fór yfir gerð áætlunarinnar og ferli vinnunnar. Einnig fór hún yfir auglýsingu um friðlýsing svæðisins og þann kafla sem fjallar um ferð og dvöl, þ.m.t. þyrluumferð. Í 16. gr. auglýsingarinnar segir: „Óheimilt er að lenda þyrlum innan náttúruvætta nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Að öðru leyti skal farið eftir almennum reglum um flug“.
  3. Umræður
    - a. Helsta áhersla sem fulltrúar þyrluflugmanna óska eftir að tekið verði til skoðunar: Að skilgreindur verði landingarstaður innan náttúruvættisins við Háafoss. Fyrirtækin eru fyrst og fremst að nýta sér svæði við Háafoss til að lenda með viðskiptavini sína.
    - b. Fulltrúar þyrluflugmanna lögðu til að skilgreina verði einn ákveðinn landingarstaður innan náttúruvættisins.

- c. Fundarmenn voru sammála um að það sé mikilvægt að samkomulag sé á milli ólíkra útvistarhópa og benti Hákon á að til þess að það náist þá er mikilvægt að hafa stýringu á mismunandi tegund umferðar um svæðið.
- d. Fundarmenn sammála um að þegar um fjölfarna staði er að ræða, þá séu skilgeindir lendingarstaðir. Þá kom einnig ábending um að það væri líka mikilvægt að hafa einhverjar reglur eða tilmæli um hvernig eigi að haga innflugi að lendingarstöðum.
- e. Hvað með á lendingar á öðrum stöðum innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal? Fulltrúar þyrlufyrirtækja sammála um að ekki sé verið að lenda á öðrum stöðum, helst kvikmyndaverkefni en þá eru það sérleyfi.
- f. Bent var á þá vinnu sem er í gangi núna varðandi frumathugun á áfangastöðum ferðamanna með tilliti til þörf á innviðum. Í kjölfarið af því er stefnt á að gera deiliskipulag fyrir áfangastaðinn við Háafoss Fulltrúar þyrluflugmanna verði upplýstir þegar sú vinna hefst og kallað eftir ábendingum.

**Næstu skref:**

1. Tekið verður til skoðunar innan samstarfshóps um Þjórsárdal það sem fram fór á þessum fundi varðandi lendingarstað fyrir þyrlur við Háafoss.
2. Umhverfisstofnun boðar til annars fundar þar sem niðurstaðan verður kynnt. Einnig verður skoðað að hittast á svæðinu og skoða aðstæður.